



Fundargerð hreppsnefndar 07. apríl 2016

Fundur nr. 39 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur verður haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 7. apríl 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

a. Landbúnaðarnefndar dags. 14. mars 2016

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

b. Atvinnu- og ferðamálanefndar dags. 15. mars 2016

Fram fór umræða um síðasta lið í fundargerð sem sveitarstjóri kynnti nánar. Síðan var bókað: Sveitarstjóra falið að hafa samband við viðkomandi ráðuneyti og kanna hvernig hægt er að undirbúa móttöku flóttamanna ef til þess kæmi. Samhljóða samþykkt.

Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

c. Nefndar um málefni heimsíðu sveitarfélagsins dags. 17. mars 2016

Oddviti bauð Magnúsi Má að kynna málið þar sem fyrir liggja tilboð 2ja aðila í vefsíðugerð. Fram fór umræða um málið og óskað eftir að starfsmaður taki saman kostnaðartölur hér að lútandi og þær sendar sveitarstjórnarfulltrúum. Eins að gerður verði samanburður á starfsumhverfi stjórn síðna. Samhljóða samþykkt.

d. Nefndar um uppbyggingu íþróttamannvirkja dags. 17. mars 2016

Oddviti greindi frá að 2 aðilar hafi mótttekið gögn viðvíkjandi tilboð í hönnunarþátt hússins. Svaraði hann framkomnum fyrirspurnum ásamt Magnúsi en fyrir liggur að búningsklefamál verði mögulega leyst með gámum á komandi sumri. Fundað verður með skipulagshönnuði föstudaginn 08. apríl nk.

e. Fagráðs Sundabúðar dags. 21. mars 2016

Sveitarstjóri kynnti málið nánar en meðfylgjandi er kostnaður vegna úrbóta á eldhúsi og annarra rýma hússins. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum í aprílmánuði. Þáttur hollvina og Hollvinasamtaka Sundabúðar hefur reynst afar mikilvægur og ber að þakka. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

f. Menningarmálanefndar dags. 21. mars 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

g. 142. fundar félagsmálanefndar dags. 16. mars 2016

Sveitarstjóra falið að boða fulltrúa Vopnafjarðar í nefndinni til fundar við hreppsnefnd. Fundargerðin annars til kynningar.

h. Starfshóps um þróun almenningssamgangna á Austurlandi dags. 2. febrúar og 21. mars 2016

Lagt fram til kynningar.

i. 6. fundar stjórnar SSA dags. 15. mars 2016

Til kynningar.

j. 1. fundar starfshóps um svæðisskipulag Austurlands dags. 22. mars 2016

Oddviti fór yfir erindisbréf fyrir starfshóp um svæðisskipulag Austurlands. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps lýsir vilja sínum til að standa að verkefninu á grundvelli erindisbréfsins. Samhljóða samþykkt.

k. 837. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Til kynningar.

l. 383. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands

Til kynningar.

1. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Landslögum

Lagt fram til kynningar.

b. Ferða- og menningarfulltrúa

Sveitarstjóra falið að taka málið upp á næsta fundi forstöðumanna.

c. Landgræðslunni

Sveitarstjóri kynnti málið nánar er varðar sjóði Landgræðslunnar. Sveitarstjóra falið að vinna verkefnið áfram.

d. Framhaldsskólanum á Laugum

Samþykkt samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna að húsnæðismálum deildarinnar.

e. Slysavarnardeildinni Sjöfn

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að svara bréfi Sjafnar.

f. Blakdeildinni Fjaðrirnar

Bréfið staðfestir vilja Fjaðranna að annast eftirlit með vellinum og forstöðumanni íþróttamála falið að svara bréfi þeirra. Samhljóða samþykkt.

g. Drekonum

Samhljóða samþykkt að veita Drekonum styrk sem nemur þátttökugjaldinu að upphæð kr. 320.000,-

h. Sjávarútvegsskólanum

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál:

a. Ljósleiðaramál í Vopnafirði

Oddviti gerði nánari grein fyrir stöðu málsins og síðan samþykkt að oddviti og Magnús vinni áfram að málinu.

b. Sumarvinna 2016

Fram fór umræða um málið þar sem voru m.a. gerðar tillögur að breytingum á auglýsingu sveitarfélagsins.

c. Þjónustusamningur við Austurbrú

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn og að bókun hreppsnefndar við

fundargerð dags. 16. desember 2014 er ítekuð.

d. Drög að verklýsingu fyrir útboð á Sorphirðu Vopnafjarðarhrepps

Samhljóða samþykkt að sveitarstjóri vinni áfram að gerð útboðsgagna með þeim viðbótum sem ræddar voru á fundinum.

e. Drög að verksamningi milli Vopnafjarðarhrepps og ILDI um verkefnið „Efling samfélags- og byggðar.“

Samþykkt samhljóða að meiri- og minnihluti sendi fulltrúa sína í verkefnisstjórn til fundar í byrjun næstu viku. Ennfremur samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn.

f. Drög að ályktunum SSA 2016 um samgöngumál

Drögin samhljóða samþykkt með áorðnum breytingum og sveitastjóra falið að koma afgreiðslunni á framfæri.

g. Fjárfestingar Vopnafjarðarhrepps árin 2016-2019

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir fyrirhuguðum fjárfestingum tímabilsins og þörf á endurskoðun þeirra með hliðsjón af tekjusamdrætti sveitarfélagsins. Mun hann koma með tillögur að breyttum fjárfestingum á næsta fund hreppsnefndar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 20:40.

[Eylgigögn fundar 070416.pdf](#)